

## STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2015, föstudaginn 16. janúar, var haldinn 208. fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 8:00. Mætt voru: Bryndís Haraldsdóttir formaður, Kristín Soffía Jónsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Kristinn Andersen, varamaður fyrir Einar Birki Einarsson sem var fjarverandi.  
Astríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, ritaði fundargerð.

### Tekið fyrir:

#### 1. Vagnakaup

Jóhannes S. Rúnarsson, sviðsstjóri Rekstrarsviðs, fór yfir kosti þess að fjárfesta í liðvögnum í stað hefðbundinna strætisvagna fyrir rekstur Strætó. Óskað er eftir heimild til að kaupa tvo notaða liðvagna.

Stjórn heimilar stjórnendum að leita tilboða og kaupa tvo notaða liðvagna, enda sé fjárfestingin innan þess kostnaðarramma sem kynntur var á fundinum.

#### 2. Rekstrarúttekt

Fyrir fundinum lá tillaga stýrihóps um rekstrarúttekt á byggðarsamlögum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að Ágúst Þorbjörnsson, hagverkfræðingur hjá Framsækni ehf., verði fenginn sem ráðgjafi til þess að gera rekstrarúttektir á byggðarsamlögum Strætó bs., Sorpu bs og SHS bs. Ágúst kynnti tillögur sínar að nálgun á verkefninu hvað Strætó bs. viðkemur.

Einnig lá fyrir verklýsing Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir verkefnið ásamt verk- og kostnaðaráætlun.

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagða verklýsingu, verkáætlun og kostnaðaráætlun SSH.

#### 3. Akstursútboð Strætó 2015

Á fundi stjórnar 19. desember 2014 var ákveðið að láta meta rekstrarhagkvæmni mismunandi valkosta og vinna áhættumat samkvæmt grein 4.3 í eigendastefnu Strætó bs. vegna akstursútboðs 2015.

Ágúst Þorbjörnsson, hagverkfræðingur hjá Framsækni ehf., kynnti tillögu sína að vinnslu verkefnisins og áætlaðan ráðgjafarkostnað við það.

Stjórn samþykkir að fela Framsækni ehf. að vinna verkefnið í samræmi við umræður á fundinum.

#### 4. Erindi frá Hjólafærni á Íslandi

Fyrir var tekið bréf, dags. 24.11.2014, frá Hjólafærni á Íslandi, með ósk um samstarf við mótun og miðlun upplýsinga um almenningsamgöngur á Íslandi. Málið var áður til umræðu á fundi stjórnar 28. nóvember sl. Fyrir lá umsögn stjórnenda Strætó um erindið.

Stjórn Strætó bs. getur ekki orðið við erindinu.

#### 5. Stefnumótun næstu skref

Umræða um næstu skref í stefnumótunarferlinu. Ákveðið að fá Ragnar Guðgeirsson frá Expectus á næsta stjórnarfund.

#### 6. Starfsreglur stjórnar

Umræða um fyrirliggjandi drög að endurskoðuðum starfsreglum stjórnar. Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

#### 7. Starfsáætlun stjórnar 2015

Fyrir lágu drög að starfsáætlun stjórnar 2015. Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi.

#### 8. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir lá bréf Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 12.01.2015, varðandi framkvæmd innleiðingar á sameiginlegri ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og viðbragðsáætlun vegna frávika.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra og sviðsstjóra akstursþjónustu, dagsett 14. janúar 2015, um stöðu akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, en sameiginleg ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samkomulagi aðildarsveitarfélaga Strætó bs. dags. 19.05.2014 þar um hófst 1. janúar 2015.

Samþykkt var að senda bæjarráðum allra aðildarsveitarfélaga Strætó bs minnisblaðið til upplýsingar.

Starfsfólk Strætó vinnur ötullega að innleiðingu á nýju verklagi við ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu með það að leiðarljósi að vinna bug á vandkvæðum sem upp hafa komið við innleiðinguna, bæta þjónustuna og fækka frávikum. Nú þegar sést mikill árangur af þeim aðgerðum og þakkar stjórnin stjórnendum og starfsfólki Strætó fyrir það.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks er afar mikilvæg þjónusta sem snertir mjög marga. Strætó leggur áherslu á að vanda vel til verka, byggja upp traust og eiga gott samráð við hagsmunasamtök notenda þjónustunnar. Stjórn Strætó harmar mjög þau frávik sem upp hafa komið við innleiðingu sameiginlegrar ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og biður þá sem orðið hafa fyrir óþægindum vegna þeirra afsökunar á því. Stjórnin er bjartsýn og leggur áherslu á að innan tíðar verði ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu komin í gott horf með þeirri þjónustuaukningu sem stefnt er að með sameiginlegri ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á svæðinu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

#### **Fundi slitið kl. 10:40**

Bryndís Haraldsdóttir  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Gunnar Valur Gíslason  
Kristinn Andersen